NORTHSTACK

Íslandsstofa
Business Iceland

Samtök fyrirtækja
í fjármálaþjónustu

Fintech Iceland 2026

Samantekt

Apríl 2026
northstack.is

Í samstarfi við

Reykjavík
Fintech



Í þessari skýrslu er staða íslenska fjártækni umhverfisins kortlögð miðað við árið 2026. Farið er yfir forsendur þess að Ísland er heppilegur markaður til þess að stofna, þróa og þroska fyrirtæki á því sviði. Í skýrslunni er notast við opinberar hagtölur ásamt gögnum sem fengust úr megindlegri og eigindlegri könnun sem gerð var sl. febrúar meðal forsprakka í fjártæknigeiranum og könnun á stöðu fjármögnunar og viðskiptum með fyrirtæki á því sviði.

FJÁRTÆKNI Á ÍSLANDI: HELSTU TÖLUR

76	Starfandi félög í fjártækni á tíu sviðum	73 m. kr.	Velta á hvern starfsmann árið 2024
930	Starfsmenn árið 2024	55%	Erlendar tekjur árið 2024
9 ma. kr.	Uppsafnaður hagnaður árið 2024	#1	Fjöldi fjártæknifélaga miðað við markaðsstærð á Norðurlöndum

HELSTU EINKENNI FJÁTÆKNIUMHVERFISINS

Fyrirtæki í greiðslulausnum eru stærsti hluti geirans (25%), þar á eftir koma lausnir fyrir bókhald og launagreiðslur (17%), og því næst lánaumsýsla og netbankar/rekstrarkerfi (12% hvort). Fjöldi fyrirtækja endurspeglar þó ekki hvar mest fjárfesting á sér stað. Frá árinu 2020 hafa fyrirtæki á sviði netbanka, rekstrarumhverfis og regluvörslu laðað að sér mesta fjármagnið. Þetta bendir til þess að fjárfestar sjái mestu tækifærin í tækni sem bætir rekstur grunnkerfa og eykur skilvirkni í regluverki.

Markverðar fjárfestingar hafa verið í Lucinity (23,1 milljón dalir í tveimur lotum), Meniga (25,9 milljónir dala í tveimur lotum) og Indó (15,5 milljónir dala í tveimur lotum). Fyrirtækjakaup undanfarinna ára bera vott um ríka alþjóðlega trú á verkefnum sem hafa sannað gildi sitt á íslenska markaðnum. Sem dæmi keypti Rapyd greiðslumiðlunina Valitor á 100 milljónir dala árið 2021, LLCP keypti Creditinfo á um 150 milljónir dala sama ár, og þá var LS Retail selt til alþjóðlegra framtakssjóða á síðasta ári.

Yfir helmingur uppsafnaðrar veltu í geiranum á uppruna sinn utanlands, sem endurspeglar að íslensk fjártæknifyrirtæki hafa byggt upp öflugt alþjóðlegt tengslanet samstarfsaðila og viðskiptavina.

HVAÐ GERIR ÍSLAND AÐ KJÖRLENDI FYRIR FJÁRTÆKNI?

Ísland skipar sér í fremstu röð samkvæmt nýsköpunarvísum í Evrópu og ver hæsta hlutfalli landsframleiðslu innan OECD til rannsókna og þróunar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur umhverfi til nýsköpunar á Íslandi með því besta sem gerist meðal aðildarríkja. Íslenskir frumkvöðlar nefna gjarnan þrjá þætti sem veita þeim afgerandi forskot á alþjóðlegum markaði:

Raunhæfur tilraunamarkaður. Ísland er kjörinn prófunarmarkaður þar sem smæðin gerir fyrirtækjum kleift að ná marktækri útbreiðslu á skömmum tíma. Aðild að EES-samningnum þýðir að vörur og þjónusta þurfa að uppfylla reglur Evrópusambandsins (PSD2, MiFID II, GDPR), sem og tilskilin leyfi á Íslandi duga oft til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Um leið er samkeppni á innlenda markaðnum hörð; um 48% Íslendinga hafa skipt um fjármálaþjónustu á síðustu fimm árum, sem er nær tvöfalt hærra hlutfall en meðaltal Evrópu (25%).

Sterkir stafrænir innviðir. Stafrænt greiðslukerfi milli banka, þar sem færslur eru skráðar í rauntíma, hefur verið í notkun á Íslandi frá 1985. Nánast allir neytendur nýta sér auðkenniskerfi Auðkennis sem dregur mjög úr kostnaði og umstangi við að sannreyna notendur. Hlutfall upplýsingatækni í rekstrarkostnaði í íslenskum bönkum var yfir 16% árið 2022, sem er hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum (11,3%) og í Evrópusambandinu (10,6%). Um 99% af samskiptum viðskiptavina við íslenska banka eru stafræn.

Nálægð í umhverfi fjártæknigeirans og gott samstarf um regluverk. Bankar, fjárfestar, stofnanir, nýsköpunarklasar og rannsóknarstofnanir eru allar staðsettar á tiltölulega litlu svæði í Reykjavík og mikið traust í umhverfi fjártæknifyrirtækja. Nálægðin og traustið skapa vettvang þar sem frumkvöðlar eiga greiðari aðgang að hugsanlegum fyrstu viðskiptavinum en samkeppnisaðilar á öðrum mörkuðum. Seðlabanki Íslands starfrækir sérstakt þjónustuborð fyrir fjártæknifyrirtæki og heldur ráðstefnu á tveggja ára fresti um stöðu greiðslutækni. Áhersla er lögð á þátttöku fjártæknifyrirtækja á þeim vettvangi. Nýleg dæmi um framsækni í reglugerðarumhverfi eru útgáfa starfsleyfis til útgáfu rafeyris; hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum (Monerium árið 2019), og fyrsta útgáfa bankaleyfis til stafræns banka (indó, 2022). Hvort tveggja vitnar um vilja yfirvalda til þess að greiða götu nýsköpunar.

HVER ERU SÉRKENNI ÍSLENSKRAR FJÁRTÆKNI?

Margir stofnendur fjártæknifyrirtækja segja að fyrirtæki sín séu stofnuð í þeim tilgangi að lagfæra innbyggða veikleika í uppbyggingu fjármálaþjónustu. Bankahrunið 2008, þegar þrír stærstu bankar landsins féllu á innan við viku, myndaði glufu til þess að byggja þá upp með nýjum hætti. Lærdómar þeirra tíma mótuðu nýja kynslóð fjártæknifyrirtækja, svo sem Meniga og Five Degrees, og ræður enn miklu um áherslu yngri fyrirtækja í geiranum á öryggi, sanngirni og hagkvæmni. Má í því samhengi nefna gervigreindardrifna tækni sem Lucinity hefur þróað gegn peningaþvætti, rafeyri

Monerium á bálkakeðjunni, gagnsætt viðskiptamódel indó bankans og sjálfvirka fjárstýringu fyrir almenning sem Spesía býður upp á.

Vegna smæðar íslenska markaðarins leggja fjármálastofnanir ríka áherslu á hagkvæmni. Það hvetur til samvinnu við fjártæknifyrirtæki. Í samstarfi við Payday býður Íslandsbanki upp á samþætta fyrirtækjaþjónustu sem inniheldur meðal annars útgáfu reikninga, launaumsýslu, bókhald og skil á virðisaukaskattsskýrslum. Igloo er í samstarfi við Arion banka varðandi leigusamninga og býður upp á mánaðarlegar greiðslur í stað þess að leggja þurfi fram háa tryggingu við upphaf samnings. Þetta hefur gefið bankanum mikið samkeppnisforskot. Samvinna sem þessi á innlenda markaðnum hefur sannfærandi áhrif fyrir alþjóðlegt sölu- og markaðsstarf fjártæknifyrirtækja. Svo dæmi sé tekið var Kvika banki fyrsti viðskiptavinur Lucinity en tveimur árum eftir að það samband hófst hafði fjártæknifélagið landað viðskiptum við tier-1 alþjóðlegt fjármálafyrirtæki.

GÓÐAR HORFUR

Mikill meirihluti þeirra forvígismanna íslenskra fjártæknifyrirtækja sem tók þátt í könnun Northstack í febrúar 2026 átti von á tekjuvexti, auknu vöruframboði og innreið á nýja markaði á næstu tólf mánuðum. Hjá þeim komu einnig fram væntingar um raunsæja fjárfestingu í gervigreind með áherslu á innri hagkvæmni sem nýtast muni til frekari þróunar. Þrjú svið voru helst nefnd sem tækifæri: beinar millifærslur, þar sem Seðlabankinn vinnur nú að þróun innviða fyrir rauntímagreiðslumiðlun; auðkenningu viðskiptavina (KYC) og tækni gegn peningaþvætti (AML), þar sem flækjustig evrópsks regluverks eykst og utanaðkomandi ógnir vaxa; og greiningartól á sviði jafnlaunavottunar, þar sem nýjar reglur Evrópusambandsins á því sviði taka gildi í júní á þessu ári og munu ná til þúsunda evrópskra fyrirtækja.

Áhugavert verður að sjá hvort sú fagþekking og tæknilega geta sem til staðar er í íslenskum fjármála- og tryggingafyrirtækjum leiði til stofnunar fleiri fjártæknifyrirtækja á næstu misserum í ljósi þess að til staðar er öflugt umhverfi fyrir nýsköpun með aðgangi að fjármagni, klösum og reynslu af því að loka nýsköpunarferlinu með sölu fyrirtækja, sameiningum og fjárfestingu til frekari vaxtar.

